

**Reglur um birtingu og auglýsingar  
á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa**

1. gr.

Aðgöngumiðaverð kvikmyndahúss skal auglýst á áberandi stað í eða við aðgöngumiðasölu.

Uppgefið aðgöngumiðaverð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti.

2. gr.

Ef aðgöngumiðaverð er hærra á einstöku kvikmyndum, ber að taka það sérstaklega fram þegar kvikmyndin er auglýst.

3. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Verðlagsstofnunar nr. 6/1987, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 23. september 1994  
SAMKEPPNISSTOFNUN